

L Ö G

um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f,
sem eru í einkaeign.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h/f, á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Jórvík
í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, Guðmundi Pálssyni bónda, Jórvíkurhjáleigu. Verð jarðarinnar fer eftir því sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.